

**51. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 11. mars 2026, kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Kjartan Geir Karlsson og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Grundarstræti 22, umsókn um lóð - 2603001

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 28.2.2026 frá Kristni Símoni Skúlasyni þar sem sótt er um lóðina við Grundarstræti 22.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að Kristinn S. Skúlason fái lóðina við Grundarstræti 22 úthlutaða með þeim reglum er eru í gildi og settar kunna að verða.

Samþykkt

2. Ný útgáfa af hafnarkorti - 2602015

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Níels Finsen fyrir hönd Landhelgisgæslu Íslands dags. 21. janúar 2026 er varðar viðlegumerki (akkeri) á svæðinu inn af Langeyri.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir að fella viðlegumerkið út af kortagrunni enda komin hafnaraðstaða við Langeyri.

Samþykkt

3. Flokkunaraðstaða á grenndargámum í dreifbýli - 2602011

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Jóhannesi Bjarna Tómassyni fyrir hönd Umhverfis- og orkustofnun dags. 16. febrúar 2026 er varðar flokkunaraðstöðu á grenndarstöðvum í Djúpinu utan þéttbýlis.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur sveitarstjóra að senda bréf til lögbýla í Súðavíkurhreppi varðandi söfnum lífræns úrgangs og samstarf um fjölda grenndargáma í Inndjúpi.

Samþykkt

4. Ákabúð, ágangur sjávar - 2602010

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Jónþóri Eyríkssyni, dags. 14. febrúar 2026 þar sem óskað er eftir að gert verði hættumat vegna sjávangangs á svæðinu við Ákabúð.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að sveitarfélagið sækir um framlag til sjóvarna vegna flóðahættu eða landbrots af völdum ágangs sjávar til Vegagerðarinnar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AKR", "BHT", "KGR", and a circled "1".

Samþykkt

5. Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050 - 2602004

Lögð fram Kynningartillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050. Tillagan er opin til umsagnar fram til 7. apríl 2026.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

6. Vatnsveita á Langeyri - 2511006

Tekið fyrir að nýju er minnisblað skipulags- og byggingarfulltrúa er varðar vatnslagnir að Langeyri. N'u er lögð fram teikning og kostnaðaráætlun vegna framkvæmdarinnar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í útboð á lagningu vatnslagnar frá Langeyri upp að vatnsbóli. Sveitarstjóra verði jafnframt falið að ræða við væntanlega kaupendur á vatninu.

Samþykkt

7. Beiðni um lagfæringu vegslóða að bústað - 2502003

Tekinn fyrir tölvupóstur frá eigendum sumahúss í Hestfirði dags. 25. febrúar 2026 þar sem óskað er eftir lækkun á fasteignagjöldum þar sem ekki hefur verið hægt að nota húsið nema að litlu leyti síðan í byrjun árs 2025 þegar aurskriða tók veg í sundur.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd hafnar erindinu.

Samþykkt

8. Breyting á deiliskipulagi Súðavíkur - 2603004

Á 50. fundir Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar var lagt til við sveitarstjórn að farið verði í breytingu á deiliskipulagi við Holtagötu, Grundarstræti og lóð við Eyrardal.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd fór yfir hugsanlegar breytingar á deiliskipulagi Súðavíkur og stækkunarmöguleika.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt

9. Styrkvegasjóður 2026 - 2603005

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Vegagerðinni dags. 10. mars 2026 þar sem tilkynnt er að umsóknarfrestur í styrkvegasjóð hafi verið framlengdur til 23. mars nk.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að sveitarstjóra verði falið að sækja um styrk í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt

10. Tjaldsvæði Súðavíkurhrepps - 2603006



Tekinn fyrir tölvupóstur frá Sölva Guðmundssyni frá Vestfjarðarstofu þar sem Markaðsstofan er að vinna í því að búa til lendingarsíður fyrir almyrkva varðandi upplýsingagjöf til ferðamanna.

Óskað er eftir að safnstaðir og tjaldsvæði fylli út eyðublöð varðandi upplýsingar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur sveitarstjóra að senda upplýsingar um tjaldsvæðið í Súðavík og safnstaði í hreppnum.

Samþykkt


Fundi slitið kl. 19:00.




Anna Lind Ragnarsdóttir



Hulda Gunnarsdóttir



Valgeir Scott



Bragi Þór Thoroddsen



Kjartan Geir Karlsson



Jóhann Birkir Helgason

